

Ungmennaráð Hafnarfjarðar telur nauðsyn vera á því að fræðsla um samkynhneigð verði eflt og helst sem fyrst. Því fagnar ráðið tillögu frá ungum jafnaðarmönnum sem samþykkt var í bæjarstjórn um hinseigin fræðslu þann 15.apríl síðastliðinn.

En vill ráðið þó koma áhyggjum sínum á framfæri um að tillagan hafi ollið svo sterkum viðbrögðum bæjarfulltrúa og að einhver setji spurningarmerki um hvort á slíkri fræðslu sé þörf á öllum skólastigum. Hennar er svo sannarlega þörf.

Í kynfræðslu í skólum er of oft gengið út frá því að allir í bekknum séu einfaldlega gagnkynhneigðir og þeir sem ekki séu það verði að sækja sína fræðslu úti í eigin horni, hvort sem það sé á netinu eða hjá Samtökunum 78 . Skelfilegt er að ekki sé gert ráð fyrir neinni hinseigin kynhneigð í fræðsluefni grunnskóla og að hinsegin ungmenni þurfi að sækja sína fræðslu í einrúmi og hálfgerðri skömm.

Fyrst og fremst ætti ekki að gera ráð fyrir því að stelpur séu bara með strákum og strákar bara með stelpum, þú ert bara gagnkynhneigð/hneigður þar til annað kemur í ljós ,er mjög heftandi hugsunarháttur.

Mjög gott væri að taka þetta litla skref til þess að auðvelda hinseigin ungmönnum að fóta sig í grunnskóla og byggja sterka sjálfsmynd sem fyrst. Okkur þykir mikilvægt að bæjarstjórn taki sterka afstöðu og hrindi tillögunni í framkvæmd. Við hræðumst það að tillögunni verði vísað til fræðsluráðs og muni hún ekki vera framkvæmd af nægilega mikilli staðfestu og taki kannski marga mánuði að vera framkvæmd. Jafnvel týnast.

Við viljum sjá bæjarstjórn virkilega taka þessa tillögu og sjá til þess að hún sé framkvæmd. Okkur þótti vænt um þá afstöðu sem ungir jafnaðarmenn og bæjarfulltrúinn Guðrún Ágústa tóku a fundi bæjrstjórnar þann 15.apríl , það skiptir máli að sjá opinberan aðila standa með okkur en ekki bara að fá samþykki frá fræðsluráði.

Ummæli um kynfræðslu tengda samkynhneigð frá fyrrum grunnskólanemum í Hafnarfirði.

“Ég fékk enga fræðslu það var eiginlega ekkert, samtökin komu ekki t.d. og það var eiginlega ekkert þannig séð nein fræðsla”

“Kynfræðsla var í mjög skornum skammti í mínum grunnskóla ef ég man rétt, og LGBT þá varla tekið fyrir”

„ Það er fارانlegt að gert sé ráð fyrir að allir hafi not fyrir smokkinn og honum sé þröngvað upp á samkynhneigðar stelpur“

“Við lærðum varla neitt í sannleika sagt, ég fékk aðeins misgóðar upplýsingar sem ég sótti mér sjálf.”

“Myndi tæpast segja að það hafi verið nokkur slík (fræðsla um LGBT), og ég vissi bara af sam og gagnkynhneigð. Svo komst ég að því í menntaskóla að hægt væri að skilgreina sig sem ýmislegt annað. Komst ekki að því fyrr en í menntaskóla að til væri pan og bisexual sem er eitthvað sem ég myndi segja að ég falli undir. “